

10 Reikningar skulu árlega sendir félagsmálaráðuneytinu, er þeir hafa verið endurskoðaðir. Ráðuneytið ákveður endurgreiðslu ríkissjóðs á hluta af rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna heimilishjálpar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

11

29. jan.

L Ö G

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935 orðist svo:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi, enda verði tollar og skattar greiddir af því öli eftir sömu reglum og gilda um annað öl, sem framleitt er í landinu. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 92 9. júlí 1941.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.